

Vinnuferli í einetismálum



Skilgreining á Einelti

- Einelti er þegar einstaklingur verður síendurtekið fyrir niðurlægjandi áreitni eða ofbeldi sem er stýrt af einstaklingi eða hópi. Einelti er niðurlægjandi áreitni eða ofbeldi, líkamlegt eða andlegt sem stýrt er af einstaklingi eða hópi hvort heldur sem er rafrænt eða augliti til auglitis og beinist að einstaklingi sem ekki tekst að verja sig.
- Dæmi um einelti: einstaklingur er tekinn fyrir með síendurtekinni stríðni, látbragði, niðrandi ummælum og sögusögnum, andlegri kúgun, hótunum af ýmsu tagi, líkamlegri misbeitingu, félagslegri höfnun eða markvissri útskúfun.
- Rafrænt einelti er t.d. niðrandi SMS-skilaboð, ummæli á samskiptasíðum og tölvupóstar.

Eineltisteymi

- Allir skólar hafa eineltisteymi sem fundar reglulega og vinnur í þeim málum sem koma upp.
- Misjafnt er hverjir sitja í eineltisteymi en það er alltaf námsráðgjafi, að minnsta kosti einn úr stjórnendateymi og svo nokkrir kennara eða aðrir starfsmenn eins og þroskajálfar og/eða skólaliðar.



Vinnuferli í einheltismálum

- Skólarnir vinna eftir svipuðu vinnuferli.
- Sumir skólar eru með vinnuferli í bæði eineltismálum og samskiptavanda.



Vinnuferli þegar upp
kemur grunur um einelti

Foreldri/forráðamaður, kennari eða
starfsmaður skóla tilkynnir grun um
einelti.

Tilkynnandi skráir tilkynningu á þar
til gert eyðublað og afhendir
umsjónarkennara.
Umsjónarkennari les tilkynningu
yfir og afhendir hana eineltisteymi.

Eineltisteymi notar gátlista við
úrvinnslu vegna tilkynningar um
grun um einelti.

Gátlisti

- Einstaklingsviðtöl við þolanda.
- Einstaklingsviðtöl við meintan
geranda/gerendur.
- Foreldrar meints geranda
upplýstir um málið.
- Starfsfólk upplýst og beðið um
að fylgjast með samskiptum.
- Bekkjarfundur um einelti og
samskipti.
- Tengslakönnun lögð fyrir
bekkinn.

- Tilkynnandi, umsjónarkennari
og foreldrar/forráðamenn
upplýstir um niðurstöðu
gátlista.
- Eftirfylgni þar sem rætt er
reglulega við þolendur,
gerendur og foreldra.


Ef eineltið hættir ekki

- Einstaklingsviðtöl við þolanda
þar sem þeir fá stuðning og
tryggt að þeir láti vita ef eineltið
heldur áfram.
- Alvarleg einstaklingsviðtöl við
geranda/gerendur.
- Ráðstafanir skipulagðar með
foreldrum þolanda og geranda.
- Bekkjarfundir um jákvæð
samskipti.
- Eftirfylgni þar sem rætt er
reglulega við þolendur,
gerendur og foreldra.

Ef einelti hættir ekki er málinu
vísað til nemendaverndarráðs.

Eineltishringurinn

Viðbragðsmynstur í eineltisaðstæðum



Ef eineltið heldur áfram...

- Í vinnuferlinu hættir eineltið yfirleitt. En ef það nægir ekki þá er hægt að vísa máli til Nemendaverndarráðs hvers skóla.
- Ef eineltið heldur áfram þrátt fyrir aðgerðir skóla og heimila má vísa máli áfram til Fræðsluskrifstofu Reykjanesbæjar.
- Einnig er starfrækt fagrað eineltismála í grunn- og framhaldsskólum á vegum Menntamálastofnunar



Einhverjar spurningar?

Takk fyrir 😊